

Tilmæli 16/2023
Tillaga A 1856/hállbart
Afgreiðsla Norræna sjálfbærninefndin

Tilm. 16/2023 Ábyrgð fyrirtækja, mannréttindi og eignarréttur yfir náttúruauðlindum (A 1856/Hállbart)

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að Norðurlandaráð taki svar við tilmælum 16/2023 um ábyrgð fyrirtækja, mannréttindi og eignarrétt yfir náttúruauðlindum til greina og álitu *afgreiðslu þeirra lokið* af hálfu ráðsins.

Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum

að þær beiti sér á virkan hátt fyrir því að lagalega bindandi samningur Sameinuðu þjóðanna um ábyrgð fjölþjóðafyrirtækja á mannréttindum (Binding Treaty) verði samþykktur.

Svar norrænu ríkisstjórnanna

Ríkisstjórnir norrænu landanna hafa skýrar væntingar um að fyrirtæki okkar hegði sér með ábyrgum hætti með því að vinna í þágu mannréttinda, góðra starfsskilyrða, umhverfis og gegn spillingu. Starfsemi fyrirtækja má ekki leiða til, stuðla að eða tengjast árásum eða skerðingu á mannréttindum.

Norrænu löndin hafa fylgst með þróun viðræðnanna og í mismiklum mæli verið viðstödd samningaviðræður frá árinu 2015 um samning Sameinuðu þjóðanna um fjölþjóðafyrirtæki og mannréttindi. Ekvador er formenskuríki milliríkjastarfshóps þessarar vinnu og kynnti drög að sáttmála árið 2018. Drögin þóttu hafa að geyma gölluð ákvæði sem erfitt yrði að framfylgja vegna þess að ekki var notast við almennt viðteknar skilgreiningar og orðalag var ýmist óljóst eða hlaðið smáatriðum og horft var framhjá því hversu margt er ólíkt með réttarkerfum aðildarríkjanna. Samningstextinn hefur síðan verið endurbættur en ríkisstjórnir Norðurlanda telja sig ekki geta samþykkt hann óbreyttan.



Norrænu ríkisstjórnirnar hafa frá upphafi haft efasemdir um að lagalega bindandi samningur sé heppileg lausn. Ef farið væri eftir núgildandi samningum, regluverki og viðmiðunarreglum um mannréttindi mætti ná fram miklum úrbótum en það er ein af ástæðum þess að norrænu löndin hvetja og aðstoða önnur lönd við að framkvæma og fylgja m.a. viðmiðunarreglum OECD fyrir fjölbjóðafyrirtæki, 10 reglum Global Compact frá SP og fyrst og fremst viðmiðunarreglum SP um fyrirtæki og mannréttindi ásamt því að þróa sínar eigin innlendu aðgerðaáætlanir varðandi fyrirtæki og mannréttindi.

Danir, Finnar og Svíar eiga aðild að viðræðunum fyrir milligöngu utanríkisþjónustu Evrópusambandsins (EEAS), sem samhafir þátttöku aðildarríkjanna og framsögu Evrópusambandsins á fundum með milliríkjastarshópi Sameinuðu þjóðanna. Sem aðildarríki Evrópusambandsins hafa þessi norrænu ríki kallað eftir því að innan sambandsins verði unnin lagaleg greining á málinu og áætlun mótuð um sameiginlega afstöðu aðildarríkjanna. Að því er Evrópusambandið varðar má einnig gera ráð fyrir að væntanleg tilskipun um að fyrirtæki sýni tilhlýðilega kostgæfni í sjálfbærnimálum muni nýtast sem framlag til vinnunnar við þennan samning Sameinuðu þjóðanna.

Samningur á vegum Sameinuðu þjóðanna getur orðið til þess að efla varnir ríkja heims gegn mannréttindabrotum fyrirtækja. Lagalega bindandi samningur á þessu sviði verður að hvíla á þeim grunni sem samstaða náðist um með samþykkt leiðbeinandi reglna Sameinuðu þjóðanna um fyrirtækjarekstur og mannréttindi. Öllu skiptir að reglur sem samið er um á vettvangi Sameinuðu þjóðanna séu traustar í réttarlegum skilningi, framkvæmanlegar, hugsaðar til langs tíma og skili tilætluðum árangri. Norrænu ríkisstjórnirnar hyggjast vinna að því áfram að öll ríki standi vörð um mannréttindi og fyrirtæki virði þau í starfsemi sinni.

Norrænu ríkisstjórnirnar telja hér með að ekki sé unnt að verða við tilmælunum.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin er sammála því sjónarmiði ríkisstjórnanna að löndin hafi og eigi að ætlast til þess að fyrirtæki starfi með ábyrgum hætti varðandi að því að tryggja mannréttindi og góð starfskjör og vinni gegn spillingu og umhverfistjóni sem hlýst í tengslum við starfsemi þeirra.

Nefndin undrast að ríkisstjórnir Norðurlanda setji fyrirvara við þann virðisauka sem lagalega bindandi samningur getur haft í för með sér með vísan til þess að ef núverandi samningur, regluverki og viðmiðunarreglum væri fylgt hefði það þá þegar mikla bót í för með sér. Enn eru dæmi um mannréttindabrot, umhverfismengun o.fl. vegna starfsemi fyrirtækja og lýsir nefndin miklum áhyggjum af aukinni kúgun



umhverfisaðgerðasinna bæði innan ESB og á alþjóðavísu. Þessi þróun getur haft neikvæðar afleiðingar í för með sér bæði fyrir lýðræðið og mannréttindi.¹

Nefndin undirstrikar mikilvægi þess að norrænu löndin vinni saman að því að gerð verði tillaga um bindandi alþjóðlegan samning sem tryggir bæði mannréttindi og tjáningarfrelsi, sem og verndun umhverfisins. Nefndin er meðvituð um áhyggjur norrænu landanna af drögum að samningstextanum en telur norrænu löndin eiga að vinna með virkum hætti að því að brugðist verði við þessum áhyggjum í samningstextanum.

Nefndin leggur áherslu á að núverandi sáttmálar, viðmiðunarreglur og reglur byggjast á valfrjálsri þátttöku og eru leiðbeinandi, og hafa ekki reynst hafa tilætluð áhrif. Það er því nauðsynlegt að koma á bindandi samkomulagi.

Nefndin leggur einnig áherslu á mikilvægi skilvirkra dómkerfa til að uppfylla kröfur um verndun mannréttinda og umhverfis. Valfrjáls kerfi raska samkeppni milli fyrirtækja sem uppfylla valfrjálsar kröfur og þeirra sem ekki gera það. Þess vegna er mikilvægt að koma á sameiginlegum lagaramma sem leggur sömu kröfur á fyrirtækin.

Samningur getur lokað glöppum í laga- og regluumhverfi sem sum fyrirtæki nýta sér, þar á meðal fjárfestar, á kostnað mannréttinda og umhverfisins.

Það er mikið áhyggjuefni að lög ESB um tilhlýðilega kostgæfni varðandi vernd mannréttinda, umhverfisins og sjálfbærni í virðiskeðju þeirra (CSDDD) hafi ekki verið samþykkt.² Tillagan mælir fyrir um bindandi kröfur á fyrirtæki til að bregðast við neikvæðum áhrifum á mannréttindum og umhverfi í allri virðiskeðju þeirra. Í þessu ljósi telur nefndin sérstaklega mikilvægt að Norðurlönd beiti sér fyrir því að bindandi alþjóðasamningur verði gerður.

Nefndin telur því afar miður að ekki verði brugðist við tilmælum Norðurlandaráðs.

Kiruna, 25. júní 2024

Tove Elise Madland (A)

Johan Andersson (S)

Karin Gaardsted (S)

Åsa Karlsson (S)

Ola Elvestuen (V)

Emma Berginger (MP)

Kari-Anne Jønnes (H)

Staffan Eklöf (SD)

Himanshu Gulati (FrP)

¹ [United Nations Official Says State Repression of Environmental Defenders Threatens Democracy and Human Rights - Inside Climate News](#)

² [EU Council Fails to Approve New Environmental, Human Rights Sustainability Due Diligence Law - ESG Today](#)

